

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta og greiðslur skv. 59. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og upphæðir samkvæmt lögum nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. janúar 2005 að telja um 3,5% frá því sem þær voru í desember 2004.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. og 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2005.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 7. desember 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um (14.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanþjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni, skulu breytast þannig:

Í 5. gr. komi kr. 48.185 í stað 45.890.

Í 6. gr. komi kr. 48.185 í stað 45.890.

Í 10. gr. komi kr. 48.185 í stað 45.890.

Í 14. gr. komi kr. 48.185 í stað 45.890.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. gr. og 26. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2005.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 9. desember 2004.

Jón Kristjánsson.

Guðríður Þorsteinsdóttir.